

Aðgangur að skráningarkerfi Tournament Software

Að búa til prófíl

Til að geta skráð sig í mót í gegnum mótaforritið Tournament Software þarf að búa til prófíl fyrir leikmanninn. Það þarf aðeins að gera í fyrsta skiptið sem leikmaðurinn skráir sig í mót.

Farið er á vefinn www.tournamentsoftware.com.

Valinn er blár hnappur **Log in** uppi hægra megin á síðunni.

Þá kemur upp gluggi til að logga sig inn fyrir þá sem hafa reikning, og annar blár gluggi fyrir nýjan aðgang, þar sem valið er **Sign up**.

Sett inn nafn leikmanns og valin íþrótt (table tennis).

Búið er til aðgangsorð (login name).

Slegið inn netfang (email) leikmannsins.

Búið til lykilorð (password) sem er slegið inn tvisvar til staðfestingar.

Staðfesta þarf að leikmaðurinn sé a.m.k. 16 ára eða að forráðamaður barns samþykki að setja inn upplýsingar um barnið. Færa sleða yfir á **Yes** og smellt á **Sign up**.

Að skrá sig í mót (online entry)

Farið á vefinn www.tournamentsoftware.com.

Veljið mótið á síðunni yfir væntanleg mót (upcoming tournaments), leitið að mótinu í leitarglugga eða í flipum. Smella á appelsínugula reitinn **Online entry**.

Þá kemur upp síða til skráningar í mótið.

1. Upplýsingar um leikmanninn (my details). Tekið úr prófíl leikmannsins en hægt er að leiðrétta þær upplýsingar ef þær eru ekki réttar eða bæta við, t.d. félagi.

2. Skráning (events). Upplýsingar um þá flokka sem eru í boði á mótinu og eru opnir fyrir leikmanninn, miðað við aldur hans og kyn. Veljið flokk eða flokka úr felliglugganum. Ef leikmaður getur ekki skráð við í flokk sem hann telur sig hafa rétt til að keppa í er best að hafa samband við mótanefnd viðkomandi móts.

3. Athugasemdir (remarks). Ekki er nauðsynlegt að fylla út.

Reglur mótsins. Færa þarf sleða yfir á **Yes** til að samþykkja reglur mótsins. Hægt er að ýta á Tournament regulations til að sjá hvaða reglur mótsstjórn hefur sett inn, ef einhverjar.

Skráning staðfest. Sjá má mótsgjöld fyrir skráninguna ef þær upplýsingar liggja fyrir. Veljið **Submit** til að senda skráninguna inn. Þá kemur staðfesting upp í gluggann og leikmaðurinn fær staðfestingu á skráningunni í tölvupósti.